

**Ágúst Einarsson**

**Hátíðarræða á 100 ára afmæli Ísfélags  
Vestmannaeyja, elsta starfandi hlutfélags landsins, 1.  
desember 2001**

Ágætu gestir.

Fyrir 106 árum í nóvember 1895 boðaði afi minn, Sigurður hreppstjóri Sigurfinnsson til fundar í Vestmannaeyjum til að tala um stofnun íshúss. Þetta var upphafið að stofnun Ísfélagsins nokkrum árum síðar en afi átti sæti í undirbúningsnefndinni. Það gerðist á fullveldisdaginn 1. desember 17 árum áður en við fengum fullveldið. Enginn vissi þá almennilega hvað fullveldi var en það orð var til í ritum Jóns Sigurssonar forseta sem hafði dáið tveimur áratugum fyrir.

Árið 1901 bjuggju 607 manns í Vestmannaeyjum. Þá voru Íslendingar 78 þúsund og í Reykjavík bjuggu þá 6.700 manns. Nú eru Íslendingar tæplega 300.000 og 100 þúsund manns búa í Reykjavík. Á þessum tíma um aldamótin 1900 bjuggu um 400.000 manns í Kaupmannahöfn, þaðan sem við sóttum svo margt.

Afi sigldi Knerrinum, einum fyrsta vélbáti Íslendinga, frá Danmörku árið 1905. Það var þá að hefjast hér bylting, sambærileg og gerðist áratugina í kringum 900, eitt þúsund árum fyrir. Þeir sem stofnuðu Ísfélagið stóðu í sömu sporum og landsnámsmennirnir, án þess að vita það.

Ísfélagið ásamt öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi hefur gengið í gegnum mestu breytingar í atvinnuháttum í Íslandssögunni. Það höfðu verið stofnuð hlutafélög áður, einkum í prentiðnaði, en ekkert þeirra lifði svona lengi. Föðurbróðir minn, Högni í Vatnsdal, var fyrsti starfsmaður Ísfélagsins, íshússvörður var starfsheiti hans, og fleiri úr minni fjölskyldu komu að atvinnulífi í Eyjum.

Hér starfaði afi alla sína ævi, pabbi meginhluta af sinni ævi og bróðir minn átti engan stað kærri en Vestmannaeyjar. Það er hins vegar ekkert einsdæmi að þrjár kynslóðir komi að þessu fyrirtæki. Það má vel vera að fjórða kynslóðin í minni ætt, ungir frændur mínir, eigi eftir að taka vel til hendi eins og faðirinn, afinn og langafinn en þetta snýst ekki um fjölskyldusögu vegna þess að hér voru svo margar fjölskyldur sem lögðu hönd á plóg. Þrír ættliðir voru til dæmis formenn Ísfélagsins, Magnús Bergsson, Kristinn Pálsson og Magnús Kristinsson.

Þetta er nefninlega saga okkar allra vegna þess að Ísfélagið hefði aldrei orðið 100 ára ef ekki væri fyrir hópsamstarf. En hópsamstarf þarf forustu. Það þarf að leiða og það hefur verið gæfa Vestmannaeyja að þar hafa menn valist til forustu sem kunnu að horfa fram á við. Það hefur ekki átt við alla staði héraendis síðastliðin 100 ár.

Forustumennirnir gerðu þetta ekki einir. Konurnar við hlið þeirra áttu jafnmikið í þessu og þeir. Ég veit að amma mín, sem ég sá aldrei, stóð eins og klettur við hlið afa og pabbi sótti allan sinn styrk til mömmu. Sigurður bróðir hefði aldrei náð því sem hann gerði ef ekki hefði verið Guðbjörg.

En þær voru margar konurnar sem gerðu Ísfélagið mögulegt, konurnar sem unnu dag og nótt við fiskafla manna sinna því þetta var áratugum saman baráttan um brauðið, baráttan um að lifa af, baráttan um að reyna að gera börnunum betur en foreldrarnir höfðu. Þetta var lífssýn aldmótakynslóðarinnar, hugsjónir sem við megum aldrei gleyma því gleymum við þessum hugsjónum höfum við gleymt til hvers við byggjum þetta land.

Það eru til hlutafélög í hinum stóra heimi sem hafa starfað lengur en þau eru ekki mörg. Það er margt skrýtið með svona gömul félög. Ég hef í starfi mínu skoðað aðeins hvort það geti verið að slík félög lifi sjálfstæðu lífi eins og lífverur og það sé miklu meira sameiginlegt með lögmálum náttúrunnar og

fyrirtækjarekstri en við gerum okkur grein fyrir, ekki hvað síst í ljósi framfara í líftækni og erfðafræði. Hvort sem það er eða ekki, gerast hlutirnir ekki af sjálfu sér í fyrirtækjum en það gerist ekki í náttúrunni heldur.

Enginn staður á jarðríki lýsir tengslum náttúrunnar betur við fólkið, starf þess og fyrirtæki og Vestmannaeyjar. Kannske finnst öllum þetta samband svo sjálfsagt að enginn gefur því gaum. Það var náttúran sem gaf fólki hér kraftinn til þess að vera með þeim fremstu í sjósókn, í kælingu, í söltun, í frystingu og í svo mörgu öðru í sjávarútvegi einmitt á þessum stað og oftast var Ísfélagið eða tengdir aðilar frumkvöðlarnir.

Það er stundum sagt að vísindamenn standi aðeins á öxlum forvera sinna og það á við hér. Við eigum engum að þakka hvað þetta hefur náð langt á okkar lífstíð nema Guði almáttugum og því fólki sem gengið er. Ef við getum ýtt hlutum aðeins fram á við þannig að næst þegar haldið verður upp á aldarafmæli Ísfélagsins í byrjun næstu aldar langar okkur til þess að einnig okkar verði minnst meðal þeirra sem lögðu gott til mála.

Megi Ísfélagið dafna, fólki líða hér vel og Vestmannaeyjar blómgastr um aldur og ævi.

Þakka ykkur fyrir.